

Nr. 087 / 10 Edda SU 253**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6921
Smíðaður: Hafnarfirði 1987 plast
Stærð: 4,8 brl. 4,8 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,5 m Dýpt: 0,95 m
Vél: Volvo Penta 119 kW 2000
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:

Gögn RNS



Edda ©Hafbór Hreiðarsson

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. júní 2010 var Edda SU 253 á handfæraveiðum út af Fáskrúðsfirði. Veður: Logn.

Bátsverjar urðu varir við að vélin hitnaði og í ljós kom að reim við kælivatnsdæluna hafði slitnað. Skipt var um reimina en síðar um daginn slitnaði hún aftur en þá hafði reimskífuhjól dælnnar brotnað. Bátsverjar óskuðu eftir aðstoð og björgunabáturinn Hafdís dró bátinn inn á Fáskrúðsfjörð.

Við rannsókn kom fram:

- að skipt hafði verið um vatnsdælu fyrir ári síðan en hjólið sem brotnaði var af gömlu dælunni og hafði verið sett á nýju dæluna. Það var kantur hjólsins sem brotnaði en ekki er vitað hvers vegna. Skipstjórinn taldi að það hefði ekki orðið fyrir höggi þar sem það er vel varið með hlífum;
- að tiltækir voru tveir drekar um borð en ekki þurfti að nota þá.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.